

Ísafjarðarbær
b.t. Guðmundar Gunnarssonar, bæjarstjóra
Stjórnsýsluhúsinu
400 ÍSAFJÖRÐUR

Reykjavík, 26. apríl 2019
Tilvísun: OS2017060006/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Kubbs ehf. um leyfi til töku á möl og sandi af hafsbotni í Polli í Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp


Orkustofnun barst þann 7. júní 2017 umsókn Kubbs ehf., dags. 1. júní 2017, þar sem á grundvelli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, var sótt um leyfi til töku á möl og sandi af hafsbotni í Polli í Skutulsfirði og norðan við Hattareyri í Álftafirði við Ísafjarðardjúp. Með bréfi til Kubbs ehf., dags. 3. júlí 2017, óskaði Orkustofnun eftir því að fyrirtækið sendi annars vegar inn umsókn um leyfi í Álftafirði, og hins vegar inn umsókn um leyfi í Skutulsfirði, en einnig var óskað eftir greinargerðum Náttúrustofu Vestfjarða um lífríki á fyrirhuguðum efnistökusvæðum (1. fylgiskjal). Kubbur ehf. sendi umbeðnar upplýsingar með tölvupósti þann 7. júlí 2017, og tveimur tölvupóstum þann 20. júlí 2017 (2.–4. fylgiskjal).

Í framangreindu bréfi til Kubbs ehf., dags. 3. júlí 2017, gerði Orkustofnun grein fyrir því að stofnunin myndi byrja á því að taka til málsmeðferðar umsókn um leyfi til malartöku í Álftafirði, því stofnunin hafði tvívegis áður veitt leyfi til töku malar og sands af hafsbotni á svipuðum slóðum í firðinum. Orkustofnun veitti Kubbi ehf. leyfi, dags. 16. apríl 2019, til töku á allt að 25.000 m³ af möl og sandi af hafsbotni norðan við Hattareyri í Álftafirði við Ísafjarðardjúp, en gildistími leyfis er frá 16. apríl 2019 til 16. apríl 2022.


Kubbur ehf. sækir um leyfi til töku á 10.000 m³ af möl og sandi af hafsbotni í Polli í Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp á árabílinu 2017–2020. Eins og fram kemur í umsókn, þá hefur reynst mjög erfitt að afla fylliefnis í steinsteypu á landi á norðanverðum Vestfjörðum, og því er að mati fyrirtækisins umbeðið leyfi til töku malar og sands af hafsbotni forsenda þess að hægt sé að reka steypustöð á Ísafirði. Í umsókn kemur fram að fyrirhuguð efnistaka falli undir C flokk í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og að Skipulagsstofnun hafi tekið ákvörðun um að efnistaka af hafsbotni í Polli í Skutulsfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum, en þá ákvörðun má finna á vefslóðinni: <http://176.10.36.129/> umhverfismats kortasja/.

Enda þótt Ísafjarðarbær sé hvorki lögbundinn umsagnaraðili né aðili máls, telur Orkustofnun rétt að fara þess á leit að Ísafjarðarbær veiti umsögn um meðfylgjandi erindi. Þess er óskað að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en mánudaginn 20. maí nk. sem og á tölvupóstfangið bgr@os.is. Berist ekki athugasemdir innan tilskilins frests, lítur Orkustofnun svo á að athugasemdir séu ekki gerðar við umsóknina.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Bryndís G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur



Jónas Ketilsson
yfirverkefnisstjóri - staðgengill

Afrit sent til:

Kubbs ehf.

Einnig er óskað umsagna frá:

Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnun.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Orkustofnunar til Kubbs ehf., dags. 3. júlí 2017; vegna umsóknar um malartöku af hafsbotni í Álftafirði og Skutulsfirði (3 bls.).
2. Tölvupóstur Verkís hf., f.h. Kubbs ehf., til Orkustofnunar þann 7. júlí 2017; skýrsla Náttúrustofu Vestfjarða um botndýrarannsóknir í Skutulsfirði árið 2008, og greinargerð Náttúrustofu Vestfjarða um botn-sýnatöku í botni Álfta- og Skutulsfjarðar 5. apríl 2011 (alls 23 bls.).
3. Tölvupóstur Verkís hf., f.h. Kubbs ehf., til Orkustofnunar þann 20. júlí 2017; greinargerð frá Verkís hf. um efnistökusvæði í Polli í Skutulsfirði (alls 4 bls.).
4. Tölvupóstur Kubbs ehf. til Orkustofnunar þann 20. júlí 2017; umsókn um malartöku af hafsbotni í Polli í Skutulsfirði, ásamt greinargerð frá Verkís hf. um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu (alls 19 bls.).